

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 23. febrúar 2016
UST201602-068/B.S.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Áhættuvefir úr sláturdýrum – Kópasker. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða uppsetningu og rekstur búnaðar til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum. Í greinargerð segir: „*Búnaður þessi er ný hönnun og brennir áhættuvefjum við háan hita í samræmi við kröfur sem gerðar eru í Evrópu.*“


Umhverfisstofnun vill benda á að umsögn stofnunarinnar nær eingöngu til uppsetningar og reksturs búnaðar til brennslu áhættuvefja úr sláturdýrum. Álit Umhverfisstofnunar dags. 24. apríl 2015 sem er í viðauka III í greinargerð fjallar einungis um rekstur brennsluofns við sláturhús til að brenna áhættuvefi úr dýrum.

Eins og fram kemur í greinargerð er losun brennsluofns innan viðmiðunarmarka í tilskipun Evrópuþingsins, 2000/76/EB. Einungis er gert ráð fyrir að brenna áhættuvef úr sláturdýrum sem er minna en sem nemur 10 tonnum á viku.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að uppsetning og rekstur búnaðar til að brenna áhættuvefi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri